



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 17. ágúst 2015 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Rebekka Eiríksdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir í
forföllum Egils Sigurgeirssonar. Einnig sat Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri fundinn og
ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum
málum á dagskrá, eitt mál barst. Nefndin samþykkir að taka málið undir liðinn önnur mál.
Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 15. júlí 2015.

2. 1502026 – Breyting á deiliskipulagi Fremra-Gufudals.

Svar Skipulagsstofnunar dagsett 8. júlí 2015.

*Nefndin fór yfir erindið og felur byggingafulltúa að vinna deiliskipulagið í samræmi við
þær athugasemdir sem koma fram í bréfi Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða.*

3. 1501010 – Deiliskipulag lóða innan athafnasvæðis við Tröllenda.

Uppdráttur á deiliskipulagi unnin af Landmótun.

*Nefndin fór yfir drög að deiliskipulagi fyrir athafnasvæðið við Tröllenda, nefndin gerir
engar athugasemdir og felur byggingafulltrúa að auglýsa deiliskipulagið skv. 41. gr.
skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.*

4. 1508012 – Umsókn um ræktunarleyfi á krækling.

Erindi frá MAST dagsett 5. ágúst 2015, vegna áætlaðrar ræktunar Nesskeljar á
krækling í Króksfirði.

*Nefndin gerir engar athugasemdir við framlög gögn, en ítrekar að fyrirtæki gangi vel
um haf og náttúru. Samþykkt samhljóða.*

5. 1506007 – Minnismerki um Gretti Ásmundarson á Reykhólum.

Afstöðumynd.

*Nefndin samþykkir staðsetningu minnismerkis og felur byggingafulltrúa málið að öðru
leyti. Samþykkt samhljóða.*

6. 1508013 – Hafnarfundur Hafnasambands Íslands 2015.

Fundarboð og dagskrá.

*Nefndin leggur til að ekki verði sendur fulltrúi frá Reykhólahreppi á fundinn. Samþykkt
samhljóða.*

Mál til kynningar:

7. 1508016 – Mat á umhverfisáhrifum – C flokkur.

Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 29. maí 2015.

Kynnt.

8. 1503005 – Fundargerð 375. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

1. 1508014 – Húsnæðismál í Reykhólahreppi.

Nefndin fór yfir húsnæðismál í sveitarfélaginu, nokkuð er um laus störf hjá sveitarfélaginu og hamlar húsnæðisskortur að starfsfólk flytjist á svæðið. Rætt var um það hvaða möguleikar væru í stöðunni, klára efri hæðina á Barmahlíð, byggja á óbyggðri lóð á Reykjabraut, eða parhús við Hólatröð. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að taka málið upp. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____